



Hestamannafélagið Sóti

Álftanes 8.júní 2015

B.t Eysteinn Haraldsson
Bæjarverkfræðingur

Fyrir hönd hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi óska ég hér með eftir leyfi til að byggja yfirbyggt reiðgerði á félagssvæði Sóta. Sjá meðf.teikningar (einnig er hægt að sjá sambærilegt reiðgerði á vefslóð bessast.123.is (Færslur 2013 október)).

Með því að ráðast í slíka framkvæmd stuðlum við að bættri aðstöðu til kennslu í reiðmennsku, þó sérstaklega fyrir börn,unglinga og ungmenni. Eins og allir vita var veðrið síðastliðinn vetur, vor og það sem af er sumri, afar slæmt og þurftum við ítrekað að fresta námskeiðum af þeim sökum. Hefðum við haft svona yfirbyggt reiðgerði hefði þess ekki þurft, auk þess sem opnast um leið möguleikar á að vera með reiðkennslu allt árið. Vert er að geta þess að það er ekki á færi allra að koma börnum sínum í reiðkennslu utan Álftaness.

Hestamannafélagið Fákur, sem einnig er í Fjárborgum sem er ekki ósvipað félagssvæði Sóta, reistu slíkt mannvirki sem nýst hefur þeim einstaklega veljafnvel þó svo þeir hafi aðgang að Reiðhöllinni í Víðidal. Staðsetning gerðisins í Fjárborgum stendur hátt uppi, óvarið gegn veðri og vindum og hefur staðið af sér öll óveður undanfarin ár.

Kostnaður við þessa framkvæmd er ca. kr 3.000.000,- sem við ætlum okkur að reyna að fjármagna sjálf. Það væri þó kostur ef Bæjarfélagið gæti kostað jarðvegsskipti undir gerðið, möl og sand.

Með von um jákvæðar undirtektir

Jóhann Þór Kolbeins
Formaður Sóta
Gsm 6603818
kolbeins@simnet.is